

Fringsdalen 1907. 20. Okt

## Kolskeggur.

Séra Friðrik Bergmann í Winnipeg hefir nýlega gefið út bók, er hann nefnir „Vafurloga“. Þar segir í ritgerð um Gunnar á Hlíðarenda, að Kolskeggur bróðir hans hafi verið dökkur á brún og brá. Hvaðan veit síra Friðrik þetta? Ekki úr Njálu, þar stendur það ekki. Sennilega dregur höfundur „Vafurloga“ þetta af nafninu Kolskeggur. En þess ber að gæta, að hér er ekki um viðurnefni að ræða heldur eigin nafn, og auðvitað gefið áður en sveininum fór að spretta grön. Það var algengt að viðurnefni eða kenningarnafn, leitt af einhverju einkenni manns, varð síðar meir notað sem eigin nafn og þá auðvitað oft án þess að slíkeinkenni, sem viðurnefnið var sprottið af, gætu komið til greina. Þetta er alkunnugt og þarf ekki annað en minna á Gelli föðurföður Ara fróða, en sonarsonarson Þórðar Gellis.

En það sem nú var nefnt, er lítið dæmi þess, hvernig listin að lesa getur brugðist jafnvel æfðum ritdómurum og gáfudum mönnum, eins og síra Friðrik Bergmann óefað er, þó að rökvisin sje dálítið gölluð af guðrækninni eins og ekki er alveg óvanalegt.

Síra Friðrik rekur þennan ímyndaða dökkeika Kolskeggs til keltneskrar blóðblöndunar. Er það hið margkveðna, að allt sem er á Íslandi af dökkum hárum — með meira og minna af dygd undir — sé írskt að uppruna. En það er nú mál til komið að hverfa frá þessari Íratríu. Það er nú fyrst, að engin víska mun vera fyrir því, að Keltakyn hafi verið fremur dökkt en ljóst. Í annan stað er nóg til af manndökkvanum í kynlandi voru Noregi, og er það að vada yfir ána í vatnsleit að þykjast þurfa að sækja hann til Írlands.

Tvö þjóðkyn byggja Noreg; annað er höfuðstyttra, lágvaxnara, dökkhært og dökkeygt og byggir einkum vesturjaðar landsins og eyjarnar. Hitt er hávaxnara, höfuðlengra, ljóst eða jarpt á hár og bláeygt oftast. Jarðfræðingurinn og rithöfundurinn Dr. Andr. M. Hansen var það, sem fyrstur benti á, að norskt þjóðerni er svona tvíþætt. Heitir fyrsta ritgerð hans um þetta efni „To Racer i Norge“ og kom í „Nyt Tidskrift“ 1894. Dr. Hansen er einn af ágætustu gáfumönnum norskum, og er það ekki lítið sagt, því að eins og kunnugt er, hafa ýmsir af beztu gáfumönnum á Norðurlöndum verið norskir. — En vér vonum auðvitað að það verði Íslendingar sem leggja til gáfudustu mennina þegar þjóðin fer að geta notið sín fyrir mannfæð og fátækt.

Mér er það ánægja að geta Andreasar Hansens með lofi, því að slíkt er sjaldnar gert en ástæða væri til. Það er ekki óalgengt að sjá menn nota sér hugmyndir hans og uppgötvanir, en þá gleymist þeim oftast að geta hans sjálfs. Hafi menn aftur á móti fundið einhverja villu í hugsniðum hans, þá er munað eftir að geta nafnsins Raunar tel ég líklegt, að sunt af því sem hann segir muni fara hjá sannleikanum. Og víst er um það, að sá villist sízt, sem ekkert fer. En þegar dæma skal andastarfsmann, þá er það ekki adalatriðið, sem líta ber á, að hann hefir vilzt, heldur hitt, hvort hann hefir þennan einkennilega og ekki mjög algenga hæfileika: að geta rutt nýjar brautir á því svæði sem hann fæst við; það mætti líka segja — að hve miklu leyti hann er landnámsmaður í heimi andans. Og undir það kyn manna verður óefað að telja dr. Hansen.

## Kalshöggar.

Hansen hyggur nú, að það sé dökka kynið sem í fornritunum er nefnt Finnar, og eiga þeir Finnar alls ekkert skylt við Lappana. Dönsku stutthöfðarnir — Finnar — bygðu landið fyrr, en ljósu langhöfðarnir komu sunnan og austan að og brutu allan þorra þeirra undir sig og gerðu að þrælum. Helztu höfðingjaættirnar voru á Vesturlandinu frá Bjarkrey og suðureftir, því að þar var nóg af frumbyggjum til að þræla og byggja á ríki sitt. Minna var um þrælabald og hina stærri höfðingja þar sem langhöfðarnir koma að óbygðu landi, þar urðu höldarnir einkum. Aðfluttra þræla hertekinna gætti lítið hjá innlendu þrælunum eins og auðskilið er.

Alt er þetta meira mál en svo, að hér verði sagt nema rétt undan og ofan af. Framb.

*H.P.*

## Kolskeggur.

### Framh.

Ymislegt í þjóðtrú og sögu forn-  
manna vorra horfir skýrara við ef vér  
litum svo á, að norrænt þjóðerni sé  
spunnið af dökkum og ljósum þætti,  
eins og áður er sagt, þannig að bjart-  
leitari og hærri aðkomumenn hafi brot-  
ið undir sig dökka frumbyggja. Þann-  
ig er t. a. m. ekki erfitt að skilja  
hvernig hefir komið upp, trúin á dverga,  
sem í steinum búa, ef stutthöfðarnir  
(frumbyggjarnir) þjuggu enn í hellum,  
að minsta kosti með fram, þegar lang-  
höfðarnir komu. Ef til vill hefir hins  
vegar godheimur frumbyggjanna orðið  
að jötunheimum, og runnið þar saman  
við, þegar tímar liðu fram, endurminn-  
ingar um viðureign langhöfða og stutt-  
höfða á landnámsöld hinna fyrrnefndu;  
ekki er heldur alveg ólíklegt að verri  
staðurinn eftir ásatrúnni sé tekinn til  
láns úr trú frumbyggjanna.

En ég sleppi þessu og sný mér að  
fegurðarhugmyndum fornmannna, er að  
sumu leyti koma oss dálítið undarlega  
fyrir sjónir nú á tímum. Fegurðin  
var dæmd eftir útliti sigurvegaranna.  
„Svartur og ljótur“ fór saman í hug-  
um þeirra af því að hið fyrirlitna  
þrælkaða kyn var dökkt. — Þó virð-  
ist kynblöndun snemma hafa átt sér  
stað; Egill er t. d. sagður svarteygur,  
Egill Skallagrímsson, ættfaðir allra Ís-  
lendinga, nokkurskonar Abraham Ís-  
lenzku þjóðarinnar. Og þykir oss að  
vísu meira gaman að Agli en að Abra-  
ham, Ísak og Jakob samanlögðum.

Vís. Tíð. 1707 23. bl.

Grimur Njálsson „var svartr á hár  
ok þó friðari sýnum en Skarphédinn“.  
Lesandiinn hefir sjálfsagt tekið eftir  
orðunum „ok þó“ og ef til vill furðað  
sig dálítið á þeim. Sýna þau hversu  
rikt það væri huga manna, að svartur  
háralitur væri ekki til prýði. Annars  
efast ég dálítið um að Grimur Njáls-  
son hafi nú verið svarthærður; svart  
hár er mjög sjaldgæft hér á landi.  
Það sem menn nefna svart er oftast  
nær dökkjarpt eða brúnt.

Um Helga Njálsson segir sagan:  
hann var hærður vel, og getum vér af  
því vitað að hann var ekki svarthærður.  
Og ekki virðast líkindi til að orð-  
ið „fagurhár“ hafi nokkurn tíma  
verið haft um dökkhærða konu. Um  
Kolbrúnu — sem kvæðið var um gert  
— segir svo: hún „var kurteis kona  
ok ekki einkar væn — svart hár ok  
brýnn . . .“ Virðast þessi síðustu orð  
vera útskýring á því hversvegna hún  
þótti ekki „einkar væn“. Um Kór-  
mak segir ambáttin við Steingerði:  
„svört eru augun systir, ok samir þat  
eigi vel.“ (Um Kórmak segir í sögunni  
að hann hafi verið svarthærður; en ein  
vísa hans hefir verið skýrð á þá leið  
að hár hans hafi verið ljóst. Eftir  
því sem próf. Björn Ólsen segir mér,  
er þó skýring sú ekki rétt og verður  
að álíta að visunni beri saman við sög-  
una um þetta efni).

Frá þessum fegurðarhugmyndum, sem drepið var á, hafa miklar breytingar orðið síðan sögurnar gerðust og voru ritaðar. Nú þykja svört augu og svart hár ekki vera til lýta á Íslandi (og því síður í Danmörku). Nú er alveg óþarfi að minna oss á, að oft sé dygð undir dökkum hárum, því að vér búumst alls ekki fremur við henni undir ljósum. Nú erum vér ekki lengur þeirrar skoðunar, sem býr undir orðum Geirs goða til Skammkels: „Eigi deilir litr kosti ef þú gefst vel.“ Vér álitum það ekkert vit að fara eftir lit — nema ef til vill í ástum; og þar er nú raunar sjaldnast um vit að ræða.

Hvað veldur þessari breytingu? Er það hugsunarháttur dökka þáttarins sem hefir fengið yfirhönd? Líklegt þykir mér það ekki Öllu sennilegra þætti mér hitt, að áhrif hinna svarthærðu og svarteygu Gyðinga næðu einnig til þessa máls. Gyðingar hafa og hafa haft mjög mikil áhrif á hugsunarháttinn í Danmörku, einkum í Kaupmannahöfn en vér „dependerum mjög af þeim dönsku“ eins og kunnugt er, í smekk ekki síður en öðru. Mér eru minniestæðar frá því ég las um tíma gyðinga-blad eitt skoðanir sem vel hefði mátt lýsa þannig í styztu máli: eigi er dygð nema undir dökkum hárum.

Nær mætti þó leita að orsökum þessarar breytingar sem vitið var á, og auðvitað er ekki verið að halda því fram, sem hér er sagt um þetta efni eins og það væru einhverjar trúarsetningar.

Framh.

H. P.

---